



Jafnréttisáætlun leikskólans Álfasteins

ÁÆTLUN UM MANNRÉTTINDI Í LEIKSKÓLUM OG LEIKSKÓLASTARFI

Grunnupplýsingar

Tímabil áætlunar:	Skólaárið 2014-2015
Ábyrgðaraðili:	Inga Líndal leikskólastjóri.
Netfang	alfasteinn@hafnarfjordur.is

Jafnréttisáætlun er ætlað að skilgreina og ákveða áherslur í jafnréttismálum á hverjum tíma, þ.e. stefna, staða með matsþætti auk þess að vera áætlun um aðgerðir, fyrir starfsmenn og/eða einstakra hópa. Jafnréttisáætlun er unnin á grundvelli laga um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna, nr. 10/2008, eins og segir í 18. grein, 2. mlg.:

18. gr. Vinnumarkaður.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða sambætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Umrædd atriði sem vísað er í lögnum sem áætlunin skal taka til eru:

19. gr. Launajafnrétti.

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.

Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika í til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfs skyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

22. gr. Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Í sömu lögum er kveðið á um sérstakt hlutverk leik- og grunnskóla varðandi jafnrétti, grein 23, mlsgr. 1-4, um fræðsluhlutverk þeirra:

23. gr. Menntun og skólastarf.

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómstundastarfi.

Í öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Meginmarkmið jafnréttisáætlana hjá leikskólum eru þrenns konar:

- Að leikskólar sveitarfélagsins vinni markvisst að jafnrétti í samræmi við lög, samninga og almenna mannréttindasáttmála.
- Að kennslu- og starfshættir leikskóla endurspegli jafnréttisviðmið auk þess að vinnulag og fræðsla til starfsmanna samræmist jafnréttislöggjöf á hverjum tíma.
- Að hver leikskóli vinni að jafnréttisverkefni sem stuðli að því að öll börn njóti mannréttinda (sérstaklega gegn hvers kyns ofbeldi) í leikskólastarfi í samræmi við lög um leikskólastarfið á hverjum tíma.

1. Stefnumörkun um jafnrétti:

Hafnarfjörður:

Áhersluþættir stefnumótunar varðandi jafnrétti og jafnréttisáætlanir í stofnunum Hafnarfjarðarbæjar eru:

- Sérstök jafnréttisstefna er í gildi fyrir bæinn í heild sem er leiðbeinandi fyrir allt jafnréttisstarf í stofnunum bæjarins. [Jafnréttisstefna Hafnarfjarðar 2012-2014](#).
- Við auglýsingar á störfum hjá bænum skal láta þess getið að þau standa opin bæði konum og körlum.
- Laun starfsmanna skulu vera jöfn eftir kynjum fyrir sömu störf eða jafnverðmæt störf.
- Ofbeldi er ekki liðið á starfsstöðvum Hafnarfjarðarbæjar og tekið skal á öllu ofbeldi með viðeigandi aðgerðum.
- Forstöðumaður hvernar stofnunar hjá bænum ber stjórnslulega ábyrgð á framkvæmd jafnréttisstefnu bæjarins í hans stofnun í samræmi við opinbert regluverk.

Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar:

Áhersluþættir stefnumótunar varðandi jafnrétti og jafnréttisáætlanir innan fræðsluþjónustunnar eru:

- Jöfn tækifæri séu til símenntunar og starfsþjálfunar eftir kynjum fyrir starfsfólk fræðsluþjónustunnar.
- Skólastarfsemi sé kynjagreind og tölulegum upplýsingum um slíkt skal kynnt opinberlega.
- Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar vinnur að jafnréttisverkefnum sem bæði snúa að starfsfólki hennar sjálfrar og starfsfólki allra stofnana fræðsluþjónustunnar.
- Í starfsáætlun fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar skulu árlega vera skilgreind verkefni á sviði jafnréttismála.
- Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins gefur leikskólum leiðbeiningar um stefnumótun,



áætlanagerð og viðbrögð við brotum á jafnréttislögum og ofbeldi í leikskólastarfi (til í bráðabirgðaútgáfu).

Leikskólar:

Áherslupættir stefnumótunar leikskólanna varðandi jafnrétti eru:

- a) Að ráða starfsfólk til starfa á grundvelli jafnréttislaga.
- b) Að mismuna ekki starfsfólki leikskóla eftir kyni, uppruna, efnahag, tungumáli, trúarbrögðum, fötlun, kynhneigð og aldri.
- c) Að vinna gegn ofbeldi og forvörnum á sviði jafnréttis.
- d) Að við ráðningu nýrra starfsmanna sé sérstaklega skimað gagnvart þáttum sem gætu bent til ofbeldishneigðar gagnvart börnum og barnagirndar (sbr. 6. grein laga um leikskóla (2008)).
- e) Við gerð jafnréttisáætlana taki starfsfólk leikskóla virkan þátt í gerð þeirra og ábyrgð á fræðsluþætti þeirra í samræmi við lög.
- f) Jafnréttisáætlanir leikskóla skulu staðfestar í foreldraráði líkt og aðrar áætlanir í starfsáætlun leikskóla.

2. Markmið jafnréttisstarfsins í skólunum**Meginmarkmið leikskóla:**

Jafnréttisvinna í leikskólanum hefur að meginmarkmiði (til langs tíma):

- i. Að allt starfsfólk sem starfar í leikskólanum njóti jafnréttis í daglegu leikskólastarfi.
- ii. Að börn og starfsfólk rækti með sér vísýni, umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- iii. Að jafnrétti nái til alls starfsfólks óháð kyni, uppruna, efnahag, tungumáli, trúarbrögðum, fötlun, kynhneigð eða aldri.
- iv. Að regluleg jafnréttisfræðsla sé í gangi í leikskólanum og hún sé birt í skólanámskrá.
- v. Að nám- og kennsluefni og námsgögn mismuni ekki kynjum, vinni gegn fordómum og hafi jafnan rétt allra barna að leiðarljósi.
- vi. Að kennsluhættir taki mið af fjölmenningsamfélagi og margbreytilegum barnahópi.



3. Áherslur í framfylgd lagaákvæða um jafnrétti á vinnustöðum og skólum

Atriði og þættir í starfsemi skólans sem eiga að tryggja framfylgd eftirfarandi lagaákvæða:

19. gr.

Launajafnrétti.

- a. Starfsfólki er ekki mismunað í launum eftir kynjum.
- b. Konum og körlum stendur jafnt til boða möguleg yfirvinna og aðrar sértekjur eftir því sem við á.

20. gr.

*Laus störf,
starfsþjálfun, endurmenntun og
símenntun.*

- c. Laus störf í leikskólanum standa jafnt konum og körlum til boða.
- d. Öll störf í leikskóla eru auglýst í samræmi við lög og reglur bæjarins.
- e. Öll símenntun á vegum leikskóla stendur jafnt konum sem körlum til boða, í samræmi við verkefni innan leikskóla.
- f. Allir starfsmenn, óháð kyni, geta sótt sér sí-/endurmenntun í samræmi við kjarasamninga og aðstæður leikskólanna.

21. gr.

*Samræming
fjölskyldu- og
atvinnulífs.*

- g. Unnið er í samræmi við ákvæði kjarasamninga, s.s. um frítökurétt vegna veikinda barna.

22. gr.

*Kynbundin áreitni og
kynferðis- leg áreitni.*

- h. Stefna leikskóla og regla er að allir starfsmenn, nemar í starfsþjálfun og börn skulu vera verndaðir gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni og að sérhver sem það brýtur gagnvart þeim sæta ábyrgð um slík brot.
- i. Starfsmenn leikskóla eru skuldbundnir að tilkynna kynferðislega/kynbundna áreitni, sem þeir verða varir við í starfi, hvort sem það er gagnvart samstarfsaðilum eða börnum, til yfirmanns.
- j. Allar tilkynningar um ofbeldi eru rannsakaðar í samræmi við lög.
- k. Allar tilkynningar um ofbeldi gegn börnum eru tilkynntar til barnaverndar Hafnarfjarðar.
- l. Starfsfólk leikskóla er frætt um viðbrögð gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.
- m. Standi starfsmaður að ofbeldi, þ.m.t. kynbundnu eða kynferðislegu áreitni, fær áminningu og/eða brottrekstur í samræmi við starfshætti opinberrar stjórnslu.
- n. Í öllu leikskólastarfi er miðað við það að starfsumhverfið sé þannig að tækifæri til áreitni séu takmörkuð og unnið sé þannig gegn kjöraðstæðum til áreitni svo áhætta sé í lágmarki.
- o. Við ráðningaferli í leikskólann er skimað gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, sóttar upplýsingar í sakaskrá og eftirfylgni í kjölfar ráðninga.
- p. Leikskólinn hefur stefnu um er varðar snertingu starfsmanna og barna í leikskóla.
- q. Hver nýr starfsmaður fái fræðslu um forvarnir kynbundinnar/kynferðislegrar áreitni á hverju leikskólaári þar sem kynnt er stefna og áherslur leikskólans og Hafnarfjarðarbæjar um viðbrögð gegn áreitni.



**23. gr.
Menntun og
skólustarf.**

- a. Námsfni sem notað er í leikskólustarfinu má ekki mismuna eftir kynjum, þ.e. sýni ekki kynbundnar staðalmyndir sem ætla kynjunum ólík hlutverk í lífi og starfi (nema sem sýnikennsla um mismunun).
- b. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um jafnrétti og jafnréttiskennslu.
- c. Allir starfsmenn leikskóla eru skyldugir til að vinna í samræmi við jafnréttislög og í daglegu starfi vera fyrirmynd barna hvað jafnrétti varðar.

4. Staða og mat – verkefnastaða frá liðnu starfsári

Hér skulu kynntar niðurstöður jafnréttisverkefna síðasta árs, hvort þau voru unnin eða að hve miklu leyti, eins og þau voru skilgreind í síðustu jafnréttisáætlun og í sömu röð og þar er að finna.

A HLUTI – ALLAR STOFNANIR

Almenn jafnréttisverkefni í samræmi við opinberar skyldur

i: Verkefni sem falla undir 19. grein jafnréttis laga

Heiti	I. Launajafnrétti
Inntak verkefnis	Greiða skal jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf
Staða í lok skólaárs (lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	<p>i. Í hverju fólst verkefnið, þ.e. hvaða framkvæmd átti sér stað? Greiða skal jöfn laun og hafa skal jöfn kjör fyrir jafnverðmæt störf og sambærileg, óháð kyni. Ekki er um beina verkefnisframkvæmd að ræða þar sem laun eru ekki á öðrum forsendum en kjarasamningar greina á um.</p> <p>ii. Hvernig tókst verkefnaframkvæmd? Kjarasamningar gera ráð fyrir að greidd séu sömu laun og að sömu kjör gildi fyrir bæði kynin. Greitt er samkvæmt kjarasamningum KÍ og Hlífar.</p> <p>iii. Er verkefni lokið eða hvað er eftir til að halda áfram með það? Mikilvægt er að berjast áfram fyrir bættum kjörum báðum kynjum til handa.</p> <p>iv. Hvernig tókst til?</p>

eða

Markmið (Hvað?)	Áætluð aðgerð (Hvað var ætlunin að gera)	Framkvæmdin (Hvað gerðist í reynd)	Hvernig tókst til? (mat á árangri)
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	<i>Greiða skal jöfn laun og hafa skal jöfn kjör fyrir jafnverðmæt störf og sambærileg óháð kyni.</i>	<i>I kjarasamningum er gert ráð fyrir að greidd séu sömu laun fyrir bæði kynin og að um sömu kjör sé að ræða fyrir báða.</i>	<i>Greitt samkv. kjarasamningum KÍ og Hlífar</i>



ii: Verkefni sem falla undir 20. grein jafnréttis laga

Heiti	2. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.
Inntak verkefnis	Leitast skal við að jafna kynjahlutfall við ráðningar, sjá til þess að allir eigi jafnan rétt á starfsþjálfun og endurmenntun.
Staða í lok skólaárs (lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	<p>i. Í hverju fólst verkefnið, þ.e. hvaða framkvæmd átti sér stað? Leitað er eftir báðum kynjum við ráðningar og þess gætt að í auglýsingum komi skýrt fram að bæði kynin komi jafnt til greina. Endurmenntun og starfsþjálfun er sú sama fyrir bæði kynin.</p> <p>ii. Hvernig tókst verkefnaframkvæmd? Karlmenntu eru í miklum minnihluta umsækjenda þannig að lítið hefur áunnist í jöfnun kynjahlutfalla.</p> <p>iii. Er verkefni lokið eða hvað er eftir til að halda áfram með það? Áfram mun verða leitast við að jafna kynjahlutfall.</p> <p>iv. Hvernig tókst til? Náðst hefur að halda sama kynjahlutfalli enn ekki bæta það.</p>

eða

Markmið (Hvað?)	Aætluð aðgerð (Hvað var ætlunin að gera)	Framkvæmdin (Hvað gerðist í reynd)	Hvernig tókst til? (mat á árangri)
<ul style="list-style-type: none"> • Laus störf standi bæði konum og körlum til boða. • Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum. • Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun. • Efla kynjafræði-þekkingu starfsfólks. • 	<p>Þegar laus staða er auglýst skal auglýsa eftir báðum kynjum.</p> <p>Leitast skal við að endurmenntun og starfsþjálfun sé sú sama fyrir bæði kynin.</p>	<p>Karlmenntu eru fáir í stéttinni og fáir umsækjendur eru karlmenn</p>	<p>Náðst hefur að halda sama kynjahlutfalli en ekki bæta það.</p>

iii: Verkefni sem falla undir 21. grein jafnréttis laga

Heiti	3. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.
Inntak verkefnis	Starfsmönnum skal gert jafn kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.
Staða í lok skólaárs (lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	<p>i. Í hverju fólst verkefnið, þ.e. hvaða framkvæmd átti sér stað? Leitast er við að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma og þess gætt að koma til móts við þarfir einstaklingsins gagnvart fjölskyldulífi. Áhersla lögð á að jöfn tækifæri skapist varðandi fæðingar og foreldraorlof jafnframt því að auðvelda eins og kostur er endurkomu fólks aftur til starfa.</p> <p>ii. Hvernig tókst verkefnaframkvæmd? Vel hefur gengið að framkvæma framangreinda þætti.</p> <p>iii. Er verkefni lokið eða hvað er eftir til að halda áfram með það? Verkefnið heldur áfram á sömu forendum og áður.</p> <p>iv. Hvernig tókst til? Vel hefur tekist til og ánægja verið meðal starfsmanna.</p>

eða

Markmið (Hvað?)	Aætluð aðgerð (Hvað var ætlunin að gera)	Framkvæmdin (Hvað gerðist í reynd)	Hvernig tókst til? (mat á árangri)
-----------------	--	------------------------------------	------------------------------------



Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.			
--	--	--	--

Verkefni sem falla undir 21. grein jafnréttis laga

Heiti	4. Kynbundin áreitni og kynferðislegt ofbeldi.
Inntak verkefnis	fjölskylduvænar
Staða í lok skólaárs (lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	<p>i. Í hverju fólst verkefnið, þ.e. hvaða framkvæmd átti sér stað? Starfsmenn eru hvattir til að sækja sér fræðslu og þeim kynntar leiðir til að leita sér stuðnings ef upp koma einhver mál. Starfandi er samráðsteymi við leikskólann sem tekur á þeim málum sem upp koma og leitast við að leysa í samstarfi við starfsmenn og fagaðila.</p> <p>ii. Hvernig tókst verkefnaframkvæmd? Vel hefur tekist til og ekki hafa komið upp erfið mál í þessu samhengi en starfsmenn eru vel meðvitaðir um mikilvægi þess að koma málum ef einhver eru réttar boðleiðir til úrvinnslu.</p> <p>iii. Er verkefni lokið eða hvað er eftir til að halda áfram með það? Þessu verkefni er ekki lokið og jafnvel verður því aldrei lokið þar sem mjög mikilvægt er að halda stöðugt vöku sinni í svo alvarlegum málaflökkum sem þessum.</p> <p>iv. Hvernig tókst til? Við munum öll leggjast á eitt til að vinna vel og koma í veg fyrir ofbeldi og einelti.</p>

eða

Markmið (Hvað?)	Áætluð aðgerð (Hvað var ætlunin að gera)	Framkvæmdin (Hvað gerðist í reynd)	Hvernig tókst til? (mat á árangri)
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	Kynna fyrir starfsfólki eineltisáætlun	Kynnt í starfslýsingum	Hefur ekki komið upp á vinnustaðnum

B HLUTI – SKÓLASTOFNANIR SÉRSTAKLEGA**Verkefni á sviði jafnréttisuppeldis í samræmi við hlutverk leikskóla****i: Verkefni sem falla undir 23. grein jafnréttis laga**

Heiti	I. Grunnþættir menntunar og jafnréttisþátturinn
Inntak verkefnis	Meginverkefnið er endurskoða skólanámskrá leikskólans út frá áherslum grunnþátta menntunar þar sem skilgreind hefur verið stefna og áhersla leikskólans í grunnþættinum JAFNRÉTTI.
Staða í lok skólaárs (lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	<p>i. Í hverju fólst verkefnið, þ.e. hvaða framkvæmd átti sér stað? Fræðsla til starfsmanna leikskólans og vinna í leikskóla við að skilgreina stefnu og áherslur leikskólans hvað varðar þennan grunnþátt</p> <p>ii. Hvernig tókst verkefnaframkvæmd? Að mestu leyti í samræmi við áætlun</p> <p>iii. Er verkefni lokið eða hvað er eftir til að halda áfram með það?</p>



	<p>Verkefni að mestu lokið og birtist í endurskoðaðri skólanámskrá skólans frá hausti 2014.</p> <p>iv. Hvernig tókst til? Góður grunnur lagður að jafnréttisumræðu í viðum skilningi þess orðs sem verður án efa til þess að halda umræðunni lifandi og í stöðugri endurskoðun.</p>
--	--

Heiti	2. Jafnréttisfræðsla í nýrri skólanámskrá
Inntak verkefnis	Meginverkefnið var að endurskoða þátt jafnréttisfræðslu í endurskoðun skólanámskrár leikskólans undir námssviðinu Jafnrétti.
Staða í lok skólaárs (lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	<p>i. Í hverju fólst verkefnið, þ.e. hvaða framkvæmd átti sér stað? Endurskoðun á jafnréttisfræðslu í skólanámskrá í samræmi við nýja aðalnámskrá.</p> <p>ii. Hvernig tókst verkefnaframkvæmd? Er í vinnslu.</p> <p>iii. Er verkefni lokið eða hvað er eftir til að halda áfram með það? Ekki lokið, líka unnið skólaárið 2014-2015</p> <p>iv. Hvernig tókst til? Í vinnslu enn þá.</p>

eða

Markmið (Hvað?)	Áætluð aðgerð (Hvað var ætlunin að gera)	Framkvæmdin (Hvað gerðist í reynd)	Hvernig tókst til? (mat á árangri)
<ul style="list-style-type: none"> • Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum. • Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í leikskólastarfinu. 	Val á námsefni henti báðum kynjum		

Samantekt jafnréttisáætlunar síðasta starfsárs í heild sinni

Með nýrri skólanámskrá Álfasteins hefur verið skerpt á jafnrétti í námskránni og vakin athyggli á mikilvægi þess að starfsfólk sé vakandi fyrir jafnrétti í öllu starfi leikskólans. hvað varðar bókaval, námsefni og leikfangaval skólans. Samhliða endurskoðun skólanámskrár, með viðeigandi fræðslu um jafnréttis, hefur átt sér staða fræðsla varðandi forvarnir um kynferðislegt ofbeldi, bæði meðal starfsfólks.



5. Aðgerðaáætlun jafnréttis skólaárið 2014-2015

Hér skulu tilgreind öll jafnréttisverkefni sem leikskóli stefnir að á viðkomandi starfsári, hvort sem það snýr að stjórnáætlun, daglegum samskiptum starfsmanna eða fræðslustarfsemi fyrir starfsmenn.

Varðandi fjármögnun einstakra verkefna er slíkt verkefni á borði hvers stjórnanda. Skyldur til að sinna jafnréttisverkefnum eru óháð sérstökum fjárveitingum og því hluti starfsskyldna þeirra. Séu einstök jafnréttisverkefni það ítarleg að þau krefjist sérstakra fjármuna er aðeins farið í þau að stofnun/skóla takist að útvega fjármagn í þau sjálfur, t.d. úr (skóla)þróunarsjóðum (Sprotasjóður) eða öðrum sjóðum sem leikskólar hafa aðgang að.

Verkefnaskrá – áætlun um jafnréttisverkefni lýst á einfaldan og skýran hátt

A HLUTI – ALLAR STOFNANIR

Almenn jafnréttisverkefni í samræmi við opinberar skyldur

(Bætið og/eða eyðið töflum eftir þörfum og verkefnafjölda í stofnun)

i: Verkefni sem falla undir 19. grein jafnréttis laga

Heiti	I. Launajafnrétti.											
Inntak verkefnis	Laun starfsmanna eru í samræmi við kjarasamninga og ekki er gerður greinamunur á kyni í kjarasamningi. Jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.											
Ábyrgð	Leikskólastjóri											
Markmið, áherslur og viðfangsefni verkáætlun	i. Markmið verkefnis: Standa vörð um launakjör starfsmanna. ii. Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram: iii. Verkáætlun (útfærð eftir mánuðum hér neðar):											
Mánuður	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	
Vinnuframlag												

eða

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	<i>Að báðum kynjum sé boðin aukavinna ef þörf er á.</i>	<i>Stjórnendur leikskóla</i>	<i>kynjamunur varðandi laun ekki til staðar á vinnustaðnum</i>



ii: Verkefni sem falla undir 20. grein jafnréttislaga

Heiti	I. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.											
Inntak verkefnis	Leitast skal við að jafna kynjahlutfall starfsmann eftir því sem hægt er og framboð leyfir.											
Ábyrgð												
Markmið, áherslur og viðfangsefni verkáætlun	<p>i. Markmið verkefnis: Fjölga karlkyns starfsmönnum en sjá jafnframt til þess að laus störf séu auglýst með þeim hætti að óskað sé eftir starfsmönnum af báðum kynjum.</p> <p>ii. Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram: Sjá til þess að allir starfsmenn hafi jafnan rétt á endurmenntun og starfsþjálfun.</p> <p>iii. Verkáætlun (útfærð eftir mánuðum hér neðar): Eins og við á eftir þörfum leikskólans um mannaáðningar.</p>											
Mánuður	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	
Vinnuframlag												

eða

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<ul style="list-style-type: none"> • Laus störf standi bæði konum og körlum til boða. • Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum. • Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun. • Efla kynjafræðipækkingu starfsfólks. 	Bæði kyn hvött til að sækja um störf í leikskólanum		

iii: Verkefni sem falla undir 21. grein jafnréttislaga

Heiti	I. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.											
Inntak verkefnis	Sýna sveigjanleika í skipulagningu vinnutíma starfsmanna og leita leiða til fjölskylduvænar stefnu.											
Ábyrgð												
Markmið, áherslur og viðfangsefni verkáætlun	<p>i. Markmið verkefnis: Gefa starfsmönnum kost á sveigjanleika í vinnutíma og skapa jöfn tækifæri fyrir alla starfsmenn til að stunda sína vinnu með þarfir einstaklingsins í fyrirrúmi.</p> <p>ii. Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram: Helsta áherslan er skapa jöfn tækifæri fyrir alla til að stunda sína vinnu.</p> <p>iii. Verkáætlun (útfærð eftir mánuðum hér neðar): Mikilvægt að hafa í stöðugri endurskoðun, halda umræðunni opinni og samkvæmt þörfum á hverjum tíma.</p>											
Mánuður	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	
Vinnuframlag												

eða

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Starfsfólki sé	Getur verið erfitt að koma við þar sem lítið	Stjórnenda	



gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	svigrúm er að taka vinnuna með sér heim nema á undirbúningstímum.		
---	---	--	--

i: Verkefni sem falla undir 22. grein jafnréttis laga

Heiti	I. Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.										
Inntak verkefnis	Koma í veg fyrir að kynferðislegt ofbeldi, áreitni og einelti geti á nokkurn hátt þrífist innan leikskólans										
Ábyrgð	Leikskólastjóri										
Markmið, áherslur og viðfangsefni verkáætlun	<p>i. Markmið verkefnis: Halda opinni og beinskeyttri umræðu um málefnið og stand á verði um að ofbeldi geti á engan hátt þrífist innan skólans</p> <p>ii. Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram: Stefnt að því að nálgast þá fræðslu sem í boði er á hverjum tíma og að allir starfsmenn eigi gott aðgengi að samráðsteymi sem tæki á málum ef upp koma.</p> <p>iii. Verkáætlun (útfærð eftir mánuðum hér neðar): Verkefni sem alltaf er í gangi.</p>										
Mánuður	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní
Vinnuframlag											

eða

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.			



B HLUTI – SKÓLASTOFNANIR EINGÖNGU**B. Verkefni á sviði jafnréttisuppeldis í samræmi við hlutverk leikskóla**

Gert er ráð fyrir að framkvæmd fræðsluverkefna gagnvart börnum sem snúa að jafnrétti séu útfærð í skólanámskrá hverju sinni þótt í meginatriðum eigi að skýra frá sérstökum verkefnum leikskólans hér. Jafnréttisfræðsla skv. aðalnámskrá leik- og grunnskóla skal útfærast í skólanámskrá hvers skóla. Fræðsluverkefni sem snúa að starfsfólki skóla skulu hins vegar skrást hér (líkt og t.d. fræðslan „Verndarar barna“ hefur verið fyrir starfsfólk skólanna síðustu misseri).

i: Verkefni sem falla undir 23. grein jafnréttis laga

Heiti	I. Menntun og skólastarf											
Inntak verkefnis	Skapa tækifæri fyrir alla til að þraskast á eigin forsendum, nýta hæfileika sína og lifa í frjálsum samfélagi sem stuðlar að umburðarlyndi, víðsýni og jafnrétti.											
Ábyrgð	Leikskólustjóri											
Markmið, áherslur og viðfangsefni verkáætlun	<p>i. Markmið verkefnis: Lögð er áhersla á að allir eigi jafna möguleika til náms og að hverjum einstaklingi sé mætt á eigin forsendum svo hver og einn fái notið hæfileika sinna.</p> <p>ii. Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram: Skapa námsumhverfi sem er hvetjandi, öruggt en jafnframt gefur tækifæri fyrir reynslu og virkni. Stuðla að lýðræðislegum samskiptum í daglegu starfi þannig að einstaklingurinn sé fær um að takast á við lífið og tilbúin til að leita lausna til jafns fyrir alla óháð trúarbrögðum, uppruna eða líkamlegu atgerfi.</p> <p>iii. Verkáætlun (útfærð eftir mánuðum hér neðar): Leiðarljós í daglegu starfi, jafnt alla daga ársins.</p>											
Mánuður	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	
Vinnuframlag												

eða

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
<ul style="list-style-type: none"> • Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum. • Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu 			

Áætlunin er hluti starfsáætlunar skóla í samræmi við aðalnámskrá og skal því birtast þar. Hún skal fara í gegnum samráðsferli í skóla og rædd í samráðsteymi leikskólans (sér eða sem hluti starfsáætlunar) og er þannig hluti staðfestingarferlis sem heyrir undir skólanefnd hvers sveitarfélags.

Hafnarfirði 8. október . 2014.

Inga Líndal

leikskólustjóri

